

Fundur í Samvinnunefnd um málefni norðurslóða (SUMN)

haldinn í gegnum fjarfundabúnað

á Borgum á Akureyri og í Utanríkisráðuneytinu í Reykjavík, miðvikudaginn 28. júní 2012, kl. 10:00 til 11:45

Á fundinn mættu neðangreindir fulltrúar í Samvinnunefndinni:

- Þorsteinn Gunnarsson frá [Rannsóknamiðstöð Íslands/RANNÍS](#), formaður nefndarinnar
- Helgi Jensson frá [Umhverfisstofnun](#)
- Héðinn Valdimarsson frá [Hafrannsóknastofnun](#)
- Þórunn Pálsdóttir frá [Veðurstofu Íslands](#)
- Níels Einarsson frá [Stofnun Vilhjálms Stefánssonar](#)
og
- Jónas Gunnar Allansson frá [Utanríkisráðuneytinu](#)
- Atli Már Sigurðsson frá Utanríkisráðuneytinu
- Halldór Jóhannsson frá [Arctic Portal](#)
- Jón Haukur Ingimundarson frá Stofnun Vilhjálms Stefánssonar
- Lára Ólafsdóttir frá Stofnun Vilhjálms Stefánssonar (fundarritari)

Forföll boðuðu Anna Guðrún Þórhallsdóttir frá [Landbúnaðarháskóla Íslands](#), Eiríkur Stephensen frá RANNÍS, Kristinn J. Albertsson frá [Náttúrufræðistofnun](#) og Steingrímur Jónsson frá [Háskólanum á Akureyri](#). Þóra Ellen Þórhallsdóttir frá [Háskóla Íslands](#) mætti ekki.

Til fundarins var boðað með eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Fréttir frá stofnunum
3. Vísindadagar á Grænlandi (drög að dagskrá fylgdu fundarboði)
4. Samstarf við Heimskautarannsóknastofnunina í Kína (greinargerð fylgdi fundarboði)
5. Hlutverk og verkefni Samvinnunefndar
6. Næsti fundur
7. Önnur mál

1. Fundargerð síðasta fundar

Engar athugasemdir voru gerðar við fundargerðina.

2. Fréttir frá stofnunum

Níels Einarsson (Stofnun Vilhjálms Stefánssonar/SVS): Svíar stýra [Arctic Resilience Report](#) og Níels er í stýriningum þess verkefnis. Fundur verður í Noregi í haust. – Fishernet verkefninu er að ljúka, Níels og Embla Eir Oddsdóttir (SVS) eru að fara til Galisíu á Spáni á lokafund verkefnisins. Þar varð mikið olíuslys fyrir u.þ.b. áratug síðan og margt má læra af því hvernig hefur tekist að vinna úr því, aðlögun og viðbrögð. – Umsókn í undirbúningi til Norrænu ráðherranefndarinnar í verkefni sem kallast Naboer i vest. Hluti þess gæti orðið farandsýning og ný sýning sem kallast Með augum selsins. – Níels var nýlega í Færeyjum með erindi á fundi sem fjallaði um sjávarspendýr og siðferði. – Joan Nymand Larsen hefur verið á fundum og ráðstefnum um efnahagsmál á norðurslóðum. Hún verður með erindi á þingmannaráðstefnu sem haldin verður á Akureyri í haust. – Bandaríki sendiherrann kom nýlega í heimsókn. – Í haust verður Anna Kerttula frá NSF í Bandaríkjunum hjá SVS í tvo mánuði. – Í bígerð er aukið samstarf við [Dartmouth College](#) í Kanada.

Þóranna Pálsdóttir (Veðurstofa Íslands): Nýtt verkefni í uppsiglingu sem Landsvirkjun, Vegagerðin og Siglingamálastofnun eru aðilar að. Fjármagn ekki tryggt. – Unnið er að gerð jöklakorta sem er dýrt verkefni. Kortlagningu Hofsjökuls er lokið og næst á að taka Vatnajökul. Tómas Jóhannesson mun segja frá verkefninu á Vísindadögum á Grænlandi.

Helgi Jensson (Umhverfisstofnun): Nýlega var fundur hjá [EPPR](#) sem er samstarfsvettvangur innan Norðurskautsráðsins, sem tekur saman yfirlit um besta fánalega viðbúnað og viðbrögð gegn bráðum umhverfisskaða á norðurslóðum. – Umhverfisstofnun tók þátt í Degi hafsins (sjómannadagur), var með sýningu um rusl í hafinu. – Alþingi samþykkti lög um verndun hafs og stranda, Umhverfisstofnun leiðir starfið – Helgi er tengiliður í vísindahópi um losun metans á norðurskautinu. Engar fjárveitingar fylgja. – Vinna er í gangi við Polar Code ([IMO](#)), umhverfisþátturinn ekki ræddur að neinu verulegu leyti ennþá, bara öryggisþátturinn. Fundur verður í Washington í september um umhverfisþáttinn en Íslendingar hafa því miður ekki efni á að taka þátt.

Héðinn Valdemarsson (Hafrannsóknastofnun): Í bígerð er samvinnuverkefni undir amerískri forsjá ([NOAA](#) - National Oceanic and Atmospheric Administration), markmiðið er að fylgjast með koldíoxíði í sjó með yfirborðsbauju. – Veðurstofur eru að reyna að koma upp veðurbaujum í Íslandshafi (t.d. baujunni sem geymd hefur verið í porti Veðurstofu Íslands).

Jónas Gunnar Allansson (Utanríkisráðuneytið): Jónas og Helgi voru á fundi um samning norðurskautsríkjanna varðandi viðbrögð við olíumengun í norðurhöfum. Vinnan gengur vel og næsti fundur verður sennilega á Íslandi og íslenskar stofnanir eiga þá auðveldara með að fylgjast með þessu málefni. – Þingmannaráðstefna norðurskautsríkja og Evrópusambandsins verður 5.-7. september 2012 á Akureyri. – Kínverskur ísbrjótur kemur í ágúst og mjög margir atburðir verða í kringum hann. – Utanríkisráðuneytið hefur að undanfögnu reynt að koma upplýsingum um íslenskar norðurslóðastofnanir til fjölmiðla, þannig að fjölmiðlar hafi annað en þýddar fréttir af málefnum norðurslóða. – Sustainable Development Working Group ([SDWG](#)) fundur verður í Reykjavík 17.-19. september 2012, þar sem m.a. verður samtal atvinnulífs og norðurslóða. Fundurinn er að frumkvæði Svía.

Halldór Jóhannsson (Arctic Portal): Nýkominn frá Kína ásamt fleirum, samstarf við Kína í góðum farvegi. – Arctic Energy Summit fundurinn verður vonandi í vor á Íslandi. – Arctic Portal er orðinn formlegur aðili að [University of the Arctic](#).

Þorsteinn Gunnarsson (RANNIS): Nordforsk var með fund á Grænlandi í byrjun júní, samþykkt var að setja upp [NORIA net](#) um arktískar rannsóknir á áhrifum loftslagsbreytinga á samfélag og heilsu. – Tvær franskar sendinefndir komu í maí, kynntu rannsóknir á norðurslóðum og heimsóttu íslenska rannsóknaraðila. Hafa stýrt ACCESS, stóru verkefni sem þeir vilja fá norðurslóðapjóðir til að taka meiri þátt í.

3. Vísindadagar á Grænlandi

Vísindadagarnir á Grænlandi verða 20.-22. september 2012. Þorsteinn átti fund með umhverfisráðherra og kynnti málið. Jón Haukur hefur verið í sambandi við Grænlandinga. Viðbót við drög að dagskrá hafa komið frá þeim um kvöldverð á laugardeginum. Jón Haukur ræddi síðan ýmislegt varðandi dagskrárgerðina, hverjir verða með erindi og annað. – Vitað er að Þorsteinn Gunnarsson, Eiríkur Stephensen, Stefán Sigurðsson rektor HA, Tómas Jóhannesson, Sumarliði Ísleifsson, Niels Einarsson, Joan Nymand Larsen, Jón Haukur Ingimundarson, Halldór Jóhannsson o.fl. fara til Grænlands. Þorsteinn sagði að misjafnlega áraði hjá stofnunum, en að samt virtist útlit fyrir að dagurinn yrði þökkalega mannaður, vildi samt sjá fleira náttúruvísindafólk.

4. Samstarf við Heimskautarannsóknastofnunina í Kína

Þorsteinn lagði fram stutta greinargerð um heimsókn sína, Gunnlaugs Björnssonar og Halldórs Jóhannssonar til Kína (sjá fylgiskjal). Kínverjar lögðu áherslu á aukið samstaf á sviði félagsvísinda, að komið yrði upp rannsóknarstöð um norðurljós á Íslandi sem Kínverjar myndu kosta og Íslendingar hefðu aðgang að, og síðan var rædd heimsókn Snædrekans (kínverskt rannsóknarskip og ísbrjótur) til Íslands 16. -20. ágúst 2012. Fyrsta skipti sem kínverskur ísbrjótur siglir þessa leið í gegnum Íshafið, bakaleiðin mun verða nokkurn veginn beint yfir Norðurskautið. Tveir Íslendingar munu verða um borð. AP mun halda úti sérstakri vefsíðu um ferðir Snædrekans. Opið málþing um loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Norður-Íshaf verður í Háskóla Íslands 17. ágúst með aðild SUMN. Snædrekinn verður til sýnis í Reykjavík, hugsanlega á Akureyri líka. Heimskautarannsóknarstofnunin í Kína er tiltölulega ung, en starfið virðist öflugt og afar vel var á móti hópnum tekið. Halldór benti á að þeir hugsuðu til framtíðar.

5. Hlutverk og verkefni Samvinnunefndar

Þorsteinn notaði tækifærið og talaði um hlutverk SUMN þegar hann fundaði með Svandísi Svavarsdóttur umhverfisráðherra um Vísindadagana á Grænlandi. Ráðherra ætlaði að fela starfsmanni sínum að fara yfir mál nefndarinnar og gerði ráð fyrir að heyra eitthvað frá ráðuneytinu fyrir 20. ágúst, þegar starfstímabili nefndarinnar lýkur.

6. Næsti fundur

Eðlilegt þótti að næsti fundur yrði boðaður eftir að starfstímabili núverandi fulltrúa lýkur (20. ágúst 2012). Þriðjudagurinn 28. ágúst 2012 var ákveðinn, en með fyrirvara um að búið væri að skipa nefndina. Fundarmenn voru ánægðir með fjarfundakerfið.

7. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd.
